


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Landafræði LAN103 - fjarnám Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Kristján Tryggvason (kristjan@vma.is)	Sk.st.	KTR
----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing: Í áfanganum er varpað ljósi á það hvernig maðurinn nýtir auðlindir en einungis sjálfbær nýting dugir til langframa. Umhverfisvernd er samofin sjálfbærri þróun en hvorutveggja er tekið fyrir. Ýmis lýðfræðihugtök eru kynnt og þjálfuð. Í hópaverkefni velur hver hópur sér t.d. eitt land til kynningar sem veitir m.a. þjálfun í að nýta sér lýðfræðina. Staðfræði er all stór hluti áfangans þar sem markmiðið er að vita hvar öll lönd heimsins liggja, þéttbýlisstaðir á Íslandi ásamt m.a. helstu fjörðum, eyjum, jöklum og leiðum. Lögð er áhersla á kortalæsi, kynnt eru helstu fyrirbærin í loftþjúpnunum og hvernig vindakerfi jarðar ákvarða hvar helstu þurrka og úrkomsvæðin eru. Kynnt eru m.a. hin frjósömu jarðvegssvæði jarðar, græna byltingin og helstu gerðir landbúnaðar. Þróun landa og þróunarkvarðar eru teknir fyrir, iðnaður og viðskiptabandalög, borgvæðing og skipulagsmál.

Markmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: sjálfbærri þróun, bauganeti jarðar, hvernig möndulhalli jarðar orsakar árstíðirnar, tímabeltum jarðar, ákvarðandi þáttum varðandi fólksfjölda, fólksfjögunar- og neysluvandmálum, lýðfræðiferli og fólksfjöldapýramíðum, vindakerfum jarðar og samspili við helstu þurrka- og úrkomusvæði jarðar, Grænu byltingunni og áhrifum hennar, helsta mælikvarða á þróun landa, greinum atvinnulífsins og staðarvali iðnaðar, helstu bandalögum sem Ísland tengist eða er hluti af, helstu orsökum þéttbýlismyndunar. Auk þessa eru markmið að nemandi öðlist leikni í að meta hvað telst til sjálfbærrar þróunar og hvað ekki; beiti ýmsum lýðfræðihugtökum, t.d. náttúruleg fólksfjölgun, fólksfjölgun, frjósemi, ungbarnadauði, lífslíkur og þéttbýlisstig; skoði heiminn í ljósi beltaskiptingar hvað varðar þurr og vot svæði og tengsl við vindakerfi jarðar; nýti sér upplýsingar á rafrænum kortum, t.d. til að finna vegalengdir og staðsetningu.

Námsgögn: Landafræði, maðurinn – auðlindirnar – umhverfið. Þýdd af Jónasi Helgasyni. Mál og menning (Edda útgáfa) 2005. Kortabók (1996 eða yngri).

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
37 - 38	1. Landafræði - allt um heiminn (8 - 31) M.a. um auðlinda-nýtingu, hringrásir og sjálfbæra þróun. Kjarnasvæði – jaðarsvæði. Kort: bauganet, kortavarpanir, hæðarlínur. Heimsmyndin í tímans rás. Íslandskort og kortasaga. 2. Jörðin – reikistjarnan okkar (32 - 39). Ýmis lykilatriði fyrir tilvist lífs á jörðinni. Árstíðirnar og möndulhallinn. Tímabeltin og tímamunur.	Skilaverkefni úr köflum 1 og 2 Staðfræðiverkefni – heimurinn
39	3. Mannkynið og búsetan (40 - 68). Tengsl ýmissa lífsskilyrða og þéttbýlis. Fólksfjöldapróun í heiminum og hvernig hún er tengd m.a. velmegun og menntun. Hugtök í lýðfræði kynnt: mannfjöldapýramídar, frjósemisstuðull, náttúruleg fólksfjölgun. Fólksflutningar, þjóðir og landamæri. Íbúar landsins okkar.	Skilaverkefni úr k. 3 Staðfræðiverkefni – Ísland
	4. Jarðskorpan (69 – 123) Við sleppum þessum kafla nema bls. 104 varðandi myndun lössjarðvegs og bls. 115 – 117 um mismunandi gerðir jarðvegs.	


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Landafræði LAN103 - fjarnám	Námsáætlun haustönn 2016

40 - 42	<p>5. Vatnið – lífsnauðsynleg auðlind (124 - 159). Við sleppum þessum kafla nema bls. 130-131 sem koma inn á tvö meginvandamál mannkyns, þ.e. flóð og jarðvegseyðingu. Einnig bls. 138 sem kemur inn á endurbættu nýtingu vatnsins.</p> <p>6. Veður, loftslag og gróðurfar. (160 – 201) Fellibyljir, lofthjúpur jarðar, vindakerfin, hiti, úrkoma, úrkomutegundir, loftslagsbelti. El Ninjó, hitahvörf, loftslagsbreytingar. Gróðurbelti jarðar. Gróður og jarðvegur á Íslandi.</p>	<p>Skilaverkefni úr k. 6 MOODLE æfing</p> <p>Skilaverkefni 6, tvöfalt verkefni með staðfræðiprófi</p>
43 - 45	<p>7. Lifað af landinu (202 - 231). Um jarðveginn, loftslagið og aðgengi vatns til ræktunar. Sjö greinar landbúnaðar. Íslenskur landbúnaður.</p> <p>11. Ein jörð – margir heimar (312 - 337). Iðnríki - þróunarlönd. Grunnstoðir, þróunarkvarðar, einkenni, kröfur þróunarlandanna á iðnríkin. Frumkvöðlar. Íslensk þróunar-samvinna.</p>	<p>Skilaverkefni 7</p> <p>Skilaverkefni úr köflum 7 og 11</p>
46	<p>8. Iðnaður, viðskipti og samgöngur (232 - 265). Greinar atvinnulífsins, staðarval iðnaðar, alþjóðavæðing. Nauðsyn viðskipta, viðskiptasamningar og bandalög. Þróunarþríhyrningurinn. Val á flutningatækjum. Iðnaður og þjónusta á Íslandi.</p>	<p>Skilaverkefni úr k. 8</p>
47	<p>9. Borgir, borgarumhverfi og skipulag. (266 – 285) Borgvæðing og þéttbýlisstig. Borgir gegnum tíðina. Mism. gerðir borga. Upplönd borga. Þéttbýlismyndun á Íslandi.</p>	<p>Skilaverkefni úr k. 9</p>
48		<p>Upprifjun og ábendingar</p>

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:		<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi		
Skriflegt	Lokapróf	80%		
Vinna á önn	12 skilaverkefni og staðfræðiverkefni – 10 bestu gilda	20%		
Samtals:			100%	
<p>Annað: Til þess að ná áfanganum þarf nemandi að ná vissu lágmarki í staðfræði, þ.e. vera með 10 atriði rétt af 44 á lokaprófi.</p>				

Dagsetning: 7. september 2016.


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils